

AUGLÝSING

um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. starfsreglnanna:

a. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Hver sá sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. skal hafa óflekkað mannorð.

Enginn skv. 2. mgr. telst hafa óflekkað mannorð sem hlotið hefur dóm fyrir refsivert brot og refsing er óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi sem dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið.

b. 2. mgr. verður 4. mgr.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 22. nóvember 2018.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 10. desember 2018